

# REGLUR UM SNJÓMOKSTUR OG HÁLKUVARNIR Í STYKKISHÓLMSBÆ

## Þéttbýli

### Forgangur 1

Stefnt skal að því að snjómokstri helstu aðalgatna bæjarins sé lokið fyrir kl. 8 á virkum dögum. Helstu aðalgötur eru: Aðalgata, Silfurgata, Lágholt, Austurgata, Skúlagata, Borgarbraut, Búðanesvegur og Nesvegur. Þá skal stefnt að því að moka plön við leikskóla, grunnskóla, íþróttamiðstöð og slökkvistöð fyrir sama tíma. Um helgar hefst snjómokstur kl 8, þá eru aðalgötur mokaðar og að því loknu er mokað í íbúðahverfum.

### Forgangur 2

Að loknum snjómokstri skv. forgangi 1 hefst snjómokstur í íbúðahverfum. Þá er hafnarsvæði mokað í samvinnu við hafnarvörð og plön við Ráðhús, tónlistarskóla, dvalarheimili og almennings bílastæði í miðbænum. Halda skal gönguleið frá dvalarheimilinu að félagsaðstöðu aldraðra opinni eftir hádegi virka daga og sanda hana eftir þörfum. Um helgar þegar á þarf að halda hefur hafnarvörður heimild til að kalla til verktaka til að moka snjó af hafnarsvæði.

Stykkishólmsbær mokað ekki plön og heimkeyrslur við íbúðarhús og fyrirtæki.

Snjómokstur fyrir öryrkja er við sérstakar aðstæður framkvæmdur samkvæmt beiðni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Í hálkutíð skulu götur, stígar og gangstéttir sandaðar eftir þörfum.

### Forgangur 3

Að loknum snjómokstri gatna, plana og hafna skv. forgangi 1 og 2 eru gangstéttir við skóla og aðalgötur bæjarins sem tengja hverfi og skólasvæði mokaðar. Gangstéttir á Aðalgötu, Silfurgötu, Borgarbraut, stígur við varmaskiptastöð, göngustígur að Ásklifi og stígur í kvenfélagsgarði skulu mokaðar fyrst og að því loknu gangstéttir í íbúðahverfum.

Stykkishólmsbær greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis þar til bærra aðila. Komi beiðni um snjómokstur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðartilvika, skal því strax sinnt. Framantöldum er heimilt að kalla út tæki til snjómoksturs í neyðartilvikum.

Reynt er að lágmarka umferð snjómoksturstækja við skóla á mesta umferðartíma barna til og frá skóla. Jafnframt er reynt að lágmarka umferð snjómoksturstækja á götum á mesta umferðartíma s.s. við upphaf og lok vinnudags og í hádegi.

## Utan þéttbýlis

### Forgangur 4

Vegagerð ríkisins er veghaldari utan þéttbýlis. Bæjarverkstjóri skal hafa samband við Vegagerðina þegar ástæða er til vegna snjómoksturs utan þéttbýlis.

Vegir að Ögri, Hamraendum, Snoppu og Flugstöð eru mokaðir þegar mokstri gatna í þéttbýli er lokið.

Vegir að nýrækt, hesthúsum og frístundabyggð í Arnarborg eru mokaðir þegar aðstæður eru þannig að útlit er fyrir því að þeir haldist opnir eftir mokstur.

Við snjómokstur eru notuð tæki í eigu bæjarins. Einnig skal eftir þörfum leita til verktaka í Stykkishólmsbæ sem hafa tiltæk tæki sem henta til snjómoksturs í bæjarfélaginu.

Framkvæmdaaðili við snjómokstur f.h. bæjarfélagsins er bæjarverkstjóri.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar,  
þann 15. apríl 2010.